



SKÁKSAMBAND
STOFNAÐ 1925 **ÍSLANDS**

Umsögn stjórnar Skáksambands Íslands um frumvarp um lög um skák

Reykjavík, 14. maí 2024

Stjórn Skáksamband Ísland (SÍ) styður eindregið fyrirleggjandi frumvarp til laga um skák.

Stjórn SÍ var haldið upplýst í ferlinu og flest þau atriði sem SÍ lagði áherslu á má finna í frumvarpinu. SÍ telur því ekki miklar ástæðu til að koma með ítarlegar athugasemdir að þessu sinni.

Helsta niðurstaða stjórnar er sú að núverandi kerfi hefur alls ekki virkað sem skyldi undanfarin ár. Það vantar hvata fyrir afreksmenn í skák að bæta sig frekar. Kerfið hefur verið meira í þá að vera letjandi. Fyrirliggjandi drög búa til miklu meiri hvata í þá átt – að verðlauna þá sem skara fram úr öðrum og leggja sig fram til að ná í fremstu röð – heldur en núverandi kerfi.

Varðandi athugasemdir við frumvarpið á fyrri stigum viljum við sérstaklega benda á umsögn stjórnar Launasjóðs stórmeistara um skák í samráðsgátt stjórnvalda sem stjórn SÍ tekur heilshugar undir og gæti gert að sínu:

(<https://island.is/samradsgatt/mal/3688#view-advice> – sjá álit nr. 7)

Stjórn SÍ styður að frumvarpið verði samþykkt óbreytt eða lítið breytt.

Undirritaður er tilbúinn að gera frekari grein fyrir skoðunum Skáksambands Íslands á fundum með allsherjar- og menntanefnd sé þess óskað.

F.h. stjórnar Skáksambands Íslands

Gunnar Björnsson.